



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Ákvörðun nr. 29/2014 um vigrun á Ljósveitutengingum Mílu

I

Inngangur

Í því máli sem hér er til úrlausnar er fjallað um beiðni Mílu ehf. (Míla) um samþykki Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) fyrir breytingum á viðmiðunartilboði félagsins um bitastraumsaðgang að því er varðar fyrirhugaða vigrun (e. Vectoring) á Ljósveitutengingum félagsins. Fjallað er um umrædda vigrun í sérstökum viðauka við umrætt viðmiðunartilboð sem yrði þá viðauki 2a.

II

Málavextir

2.1 Ákvörðun PFS nr. 21/2014 um markaði 4 og 5

Með ákvörðun PFS nr. 21/2014, dags. 13. ágúst sl., var Míla útnefnt fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk á markaði fyrir heildsöluaðgang að föstum aðgangnetum (markaður 4) og á markaði fyrir breiðbandsaðgang í heildsölu (markaður 5) og voru viðeigandi kvaðir lagðar á félagið á umræddum mörkuðum, m.a. varðandi aðgang, jafnræði og gagnsæi¹. Sá markaður sem hér skiptir fyrst og fremst máli er síðargreindi markaðurinn².

Í aðgangskvöðinni á markaði 4 kemur fram að aðgangur að heimtaugarhluta (e. Sub-loop), t.d. í götuskáp, sé hluti kvaðarinnar um aðgang að koparheimtaug. Rekstraraðilar bitastraumskerfa sem þurfa styttri línulengdir nýta slíkan aðgang til að

¹ Míla var á árinu 2007 útnefnt sem fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk á markaði 11 (fyrirrennari markaður 4) og Síminn á árinu 2008 á markaði 12 (fyrirrennari markaður 5). Í mars 2013 gerðu Samkeppniseftirlitið og Skipti hf. (móðurfélag Mílu og Símans) með sér sátt. Í samræmi við ákvæði sáttarinnar færðist starfsemi samstæðunnar á markaði 5 frá Símanum til Mílu í september 2013. Síðan þá hafa kvaðir samstæðunnar á umræddum mörkuðum hvílt alfarið á Mílu.

² Vigrun er tæknileg viðbót við VDSL staðalinn og er hluti vöruframboðs á aðgangsvörum bitastraumsmarkaðar (markaður 5). Kynning og innleiðing á vigrunartækninni eða samskiptahættinum fellur undir gagnsæiskvöðina og er því gerð sú breyting á viðmiðunartilboði um bitastraumsaðgang sem fram kemur í drögum þessum.

byggja upp kerfi sín frá götuskáp til endanotenda. Slíkt á við í tilfelli VDSL kerfa eins og þess sem Míla starfrækir. Erfiðleikum getur verið bundið að veita fleiri en einum VDSL rekanda aðgang að götuskápum, m.a. vegna plássleysis í þeim og vandkvæða og kostnaðar við að stækka skápa eða byggja fleiri. Einnig eru tæknileg vandamál til staðar, svo sem milliheyrsluvandamál (e Crosstalk). Vigrun (e. Vectoring) er tækni sem minnkar milliheyrsluflannir og eykur þar með afkastagetu VDSL tenginga. Til að geta komið til móts við þessar breyttu þarfir er oft brugðið á það ráð að setja á kvaðir um opinn sýndaraðgang að hluta heimtaugar (VULA). VULA gengur út frá því að veita sambandi frá sírstöð (safnpunkti) til endanotanda. Það væri því ljóst að ef taka ætti tillit til þess að mögulegt yrði að nýta vigrun til að auka afkastagetu VDSL tenginga og tryggja markmið um opinn aðgang að slíkum heimtaugum þyrfti að bæta við áðurgildandi kvaðir á Mílu (áður Símann). Í þessu sambandi þyrfti einnig að hafa í huga að Míla væri nánast eina fjarskiptafyrirtækið sem veitti þjónustu með VDSL tækni á koparheimtaugum í dag.

Að lokum kom fram að vegna þeirra erfiðleika sem gætu komið upp við að veita fleiri en einum aðila aðgang að heimtaugarhluta sem bæri VDSL kerfi, tæki PFS sérstakt tillit til þeirra aðstæðna við álagningu aðgangskvaðar á markaði 4. Míla skyldi því veita aðgang að heimtaug frá sírstöð/safnpunkti til endanotenda á þann hátt að leigjandi sýndarnetsaðgangs hefði fullan aðgang að viðkomandi VDSL kerfi með öllum þeim tæknilegu og afkastalegu skilgreiningum sem þyrfti til að veita hvers kyns þjónustu um bitastraum. Í þeim götuskápum þar sem VDSL búnaður væri fyrir og Míla tryggði og ábyrgðist að opnum sýndaraðgangi hefði verið komið á og fyrirhugað væri að beita vigrun, myndi PFS veita undanþágu frá kvöð Mílu um aðgang að hluta heimtaugar. Að þessum skilyrðum uppfylltum gæti Míla fengið samþykki PFS fyrir því að felld væri niður kvöð um aðgang að hluta heimtaugar hvað þær heimtaugar varðaði. Beiting vigrunar væri því ein meginforsenda þess að slík undanþága yrði veitt. Hefði Míla ekki hafið beitingu vigrunar innan þriggja mánaða frá því að undanþága var veitt, myndi PFS afturkalla hana.

Samkvæmt aðgangskvöðinni á markaði 5 skal Míla verða við eðlilegum og sanngjörnum beiðnum um opinn aðgang að sérstakri netaðstöðu á heimtaugum á heildsölustigi, þ.m.t. í VDSL. Netaðstaðan sem um ræðir er m.a. aðgangur að bitastraumi sem fer um efri tíðnihlutann á koparheimtaugum (aðgangsleiðir 1-3). Míla skal einnig ef þess er óskað annast sendingu á bitastraumnum um stofnlínunet til þess staðar þar sem viðkomandi fjarskiptafyrirtæki hefur tengingu við net Mílu. Míla skal ennfremur láta í té hýsingu á búnaði annarra fjarskiptafyrirtækja og aðgang að annarri aðstöðu sem nauðsynleg er til að bitastraumsaðgangur komi að fullum notum, auk þess að bjóða upp á endursölumöguleika á bitastraumsþjónustu og aðgang að stoð- og upplýsingakerfum félagsins. Míla þarf að tilkynna um allar tæknilegar yfirfærslur með tilteknum fyrirvara svo viðskiptavinir geti brugðist við nægjanlega hratt.

Samkvæmt jafnræðiskvöðinni á markaði 5 skulu öll fjarskiptafyrirtæki sem kaupa aðgang að bitastraumi njóta sömu skilmála hjá Mílu og gilda fyrir einingar samstæðunnar eða aðra tengda aðila. Það sama á við um gæði aðgangs. Um er að ræða aðfangajafnræðiskvöð (e. Equivalence of Input – EoI) sem merkir að Míla skuli bjóða tengdum sem ótengdum aðilum sömu verð, nota sömu afgreiðsluferla og kerfi, afgreiða

þjónustu innan sömu tímamarka og birta sömu upplýsingar um þjónustuna til allra aðila. Skál umrædd jafnræðiskvöð komin til framkvæmda eigi síðar en 3 mánuðum eftir birtingu ákvörðunarinnar, þ.e. eigi síðar en 13. nóvember 2014. Þá skal Míla tilkynna tengdum sem ótengdum aðilum með sama fyrirvara um útbreiðslu, uppbyggingu eða aðra þróun bitastraumskerfis félagsins. Skál sá fyrirvari ekki vera skemmri en 3 mánuðir. VDSL kerfisrekandi, eins og Míla, getur tryggt sér allt að þriggja mánaða forgangsrétt til VDSL uppbyggingar á ákveðnu svæði með því að birta 3 mánaða útbreiðsluáform sín og áætlaða tengistaði VDSL þjónustunnar og tilkynna PFS um þau áform.

Gagnsæiskvöðin á markaði 5 kveður á um að Míla skuli viðhafa gagnsæi við sölu á aðgangi að bitastraumi í heildsölu og birta opinberlega, í formi viðmiðunartilboðs, upplýsingar sem varða aðgang að kerfum félagsins, t.d. tæknilysingar og upplýsingar um einkenni neta. Viðmiðunartilboði um bitastraumsaðgang skal svo viðhaldið, það uppfært eftir þörfum og lagt fyrir PFS til samþykktar eigi síðar en 6 mánuðum eftir birtingu ákvörðunarinnar³.

2.2 Óformleg tilkynning Mílu til PFS um upptöku vigrunar

Með bréfi Mílu til PFS, dags. 1. júlí 2014, tilkynnti félagið að það myndi taka upp vigrun á Ljósveitu félagsins frá og með 1. október 2014. Ekki væri um nýja vöru að ræða heldur nýjan möguleika með nýrri tækni sem yki gagnaflutningshraða hjá endanotendum. Verð myndi ekki breytast en tæknilegir skilmálar gætu breyst sem taka þyrfti tillit til í viðmiðunartilboði. Til að byrja með yrði opnað fyrir þjónustuna á litlu svæði en gert væri ráð fyrir að í árslok yrði búið að virkja þjónustuna í nokkrum hverfum í Reykjavík. Áætlanir gerðu ráð fyrir að búið yrði að virkja allt höfuðborgarsvæðið [...]⁴. Meðfylgjandi umræddu bréfi gat að líta skýrslu er innihélt tæknilegar upplýsingar í þessu sambandi.

2.3 Tölvupóstur PFS til Mílu

Með tölvupósti PFS til Mílu, dags. 9. júlí sl., benti stofnunin Mílu á að samkvæmt gildandi viðmiðunartilboði um bitastraumsaðgang kæmi fram hvernig standa bæri að breytingum á því. Þar kæmi fram að nýtt viðmiðunartilboð skyldi birt til kynningar og sent PFS að minnsta kosti 3 mánuðum fyrir gildistöku þess. PFS hefði í hyggju að efna til innanlandssamráðs og samráðs við Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) varðandi umrædda viðbót við viðmiðunartilboðið. Óskað væri eftir að formleg tilkynning um umrædda viðbót í formi sérstaks viðauka við viðmiðunartilboðið bærast stofnuninni áður en unnt væri að efna til framangreindra samráða. Þar þyrftu að koma fram upplýsingar um þær breytingar sem nauðsynlegt væri að gera til að viðsejendur Mílu gætu nýtt sér þá nýju möguleika sem þessi tækni byði upp á. Samþykki PFS þyrfti að liggja fyrir áður en Míla færi af stað með að bjóða upp á vigrun. PFS sæi hins vegar ekkert því til fyrirstöðu að

³ Þess má geta að fyrsta viðmiðunartilboð samstæðunnar um bitastraumsaðgang var gefið út á vegum Símanns þann 1. júlí 2009. Þann 1. september 2013 færðist umrædd þjónusta til Mílu og hefur viðmiðunartilboðið síðan verið birt undir nafni Mílu. Viðmiðunartilboðunum hefur nokkrum sinnum verið breytt í gegnum tíðina. Það mál sem hér er til umfjöllunar varðar afmarkaða breytingu á viðmiðunartilboðinu. PFS fyrirhugar síðan að framkvæma heildarendurskoðun á umræddu viðmiðunartilboði á fyrri helmingi ársins 2015.

⁴ Fellt brott vegna trúnaðar.

Míla héldi áfram með prófanir á vigrunartækninni þar til endanlegt samþykki lægi fyrir, svo fremi sem Míla mismunaði ekki viðsemjendum sínum varðandi þátttöku í þeim.

2.4 Formleg tilkynning Mílu til PFS um upptöku vigrunar

Í tölvupósti Mílu til PFS, dags. 16. júlí 2014, kom fram að félagið teldi vænlegast að bæta við sérstökum viðauka vegna vigrunartækninnar við núgildandi tækniskilmálakafli í viðmiðunartilboði um bitastraumsaðgang. Umræddur viðauki, þ.e. viðauki 2a, var meðfylgjandi umræddum pósti. Fram kom að í viðaukanum væri gerð grein fyrir þeim breytingum sem nauðsynlegar væru til að viðsemjendur Mílu gætu nýtt sér þá nýju möguleika sem þessi nýja tækni byði upp á.

2.5 Innanlandssamráð

Þann 23. júlí sl. efndi PFS til samráðs um hinn framangreinda viðauka varðandi vigrunartækni í viðmiðunartilboð Mílu um bitastraumsaðgang. Stóð samráðið til 20. ágúst sl.

Í umræddum viðauka kemur fram að milliheyrsla frá öðrum DSL línunum sé ein helsta ástæða truflana og þess að hraði á VDSL tengingum lækkaði eftir því sem fleiri notuðu tæknina. Vigrun er tækni sem eyðir milliheyrslu á milli VDSL tenginga sem fara um sama línubúnt. Þetta gerir það að verkum að merkið verður svipað því og tengingin væri ein á línubúntinu. Til þess að það sé hægt í dag verða öll VDSL merki á línubúnti að koma frá sama búnaði í símsstöð eða götuskáp. Einnig verður endabúnaður að styðja tæknina eða í það minnsta ekki valda truflunum á svokölluðum „Vektoring grúpum“. Segja má að hægt sé að skipta VDSL endabúnaði í þrjá hópa.

1. Endabúnaður sem er vigrunar hæfur (e. Vectoring compliant) og styður alla nauðsynlega staðla til að fá ábatann af vigrun.
2. Búnaður sem er vigrunar vingjarnlegur (e. Vectoring friendly). Slíkur búnaður truflar ekki aðrar tengingar og truflast ekki af stýritónum sem vigrun notar. Búnaðurinn fær engan ábata af vigrun.
3. „Legacy“ búnaður er búnaður sem þekkir ekki til vigrunar og getur truflað „Vektoring grúpur“. Ef annað kæmi ekki til þá yrði að skipta út þessum búnaði eða breyta tengingu þannig að hún notaðist aðeins við 2,2 MHz tíðnisvið svo hún truflaði ekki aðrar tengingar.

Til þess að auðvelda innleiðingu á vigrun þá stefnir Míla á að notast við svokallaða „Zero Touch Vectoring tækni (ZTV)“. ZTV er tækni sem virkar þannig að hægt er að eyða milliheyrslu frá endabúnaði sem ekki er vigrunar hæfur („Legacy endabúnaður“). Helsti ókosturinn við ZTV er að þá fær vigrunar hæfur endabúnaður bara ágóða í átt til notanda (downstream) því taka þarf af vigrunina í átt frá notanda (upstream). Vert er að taka fram að „legacy“ beinar fá engan ágóða af vigrun.

Til þess að vigrun virki á tengingu þarf endabúnaður hjá notendum að uppfylla eftirfarandi kröfur:

- Styðja VDSL2 samkvæmt G.993.2 staðli – Sú tækni sem Míla er að nota.
- Styðja G.vector (G.933.5) – Til þess að notendur fái sem mest út úr tengingu sinni þarf endabúnaðurinn að styðja G.vector, skv. staðli G.993.5. Það er tæknin sem Míla er að taka í notkun.
- Styðja error(f) bakrás um lag 2 (G.993.5, kafli 7.4.1)
- Styðja „Seamless Rate Adoption (G.993.2 og G.998.4 Amd 1) – SRA aðlagar stöðugt línuhraða að aðstæðum á línunni (SNR) án þess að það þurfi að láta línuna endursynca. Þannig er alltaf hægt að fá hæsta mögulega hraða á hverri línu.
- Styðja G.inp (G.998.4), einnig Amd 1 og 2.
- Vörn gegn tengingu á einum vír og óvandaða aftengingu (disorderly leaving) frá notanda (TR-249, kafli 8.9)
- Styðja Monitored tones (G.993.2, kafli 10.3.3.1)

Míla ráðleggur viðskiptavinum að hafa samband við endabúnaðarbirgja sína varðandi þessar kröfur til að athuga hvort núverandi búnaður er vigrunar hæfur eða hvort það sé möguleiki að uppfæra hann þannig að hann verði það. Í flestum tilvikum er aðeins þörf á hugbúnaðaruppfærslu endabúnaðar, en það fer eftir gerð hans.

2.6 Athugasemdir Snerpu

Í athugasemdum Snerpu, dags. 29. júlí 2014, kom fram að félagið skildi það þannig að vigrun væri valkvæð. Væri það rétt hefði félagið ekki athugasemdir að sinni varðandi framsetningu Mílu.

Snerpa vildi þó vekja athygli á því að í verði fyrir aðgangssleið 3 (A3) væri gert ráð fyrir kostnaði við CPE (búnað notanda). Það væri skilningur Snerpu að Míla myndi afhenda nýja CPE með tengingum, þ.m.t. vigrunar hæfan þar sem til stæði að virkja vigrun. Snerpa hefði hingað til lagt notendum til endabúnað, bæði í A3 og á eigin DSLAM búnaði félagsins. Snerpa áskildi sér rétt til að nota núverandi DSLAM búnað áfram í þeim sírstöðvum sem slíkur búnaður væri nú starfræktur, enda hefði hann verið settur upp í samræmi við gildandi skilmála.

2.7 Athugasemdir Vodafone

Í athugasemdum Vodafone, dags. 20. ágúst 2014, kom fram að umrætt samráðsskjal kvæði á um tæknilega útfærslu vigrunar. Samkvæmt umræddum upplýsingum ættu kerfi Vodafone að fullnægja þeim kröfum sem Míla gerði. Áður en umrætt fyrirkomulag yrði tekið upp teldi Vodafone hins vegar mikilvægt að Mílu yrði gert skylt að hefja

undirbúning með fjarskiptafyrirtækjum svo tryggt væri að notkun þjónustunnar yrði möguleg fyrir alla aðila án vandkvæða, uppfyllti búnaður þeirra tæknileg skilyrði.

2.8 Samráð við Eftirlitsstofnun EFTA (ESA)

Þann 14. október 2014 efndi PFS til samráðs við ESA og aðrar eftirlitsstofnanir á EES-svæðinu um drög að þeirri ákvörðun sem hér er til umfjöllunar. Álit ESA barst með bréfi, dags. 14. nóvember sl., og var það án athugasemda.

III

Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar

Í því máli sem hér er til úrlausnar er fjallað um beiðni Mílu um samþykki PFS fyrir breytingum á viðmiðunartilboði félagsins um bitastraumsaðgang að því er varðar fyrirhugaða vigrun (e. Vectoring) á Ljósveitutengingum félagsins. Fjallað er um umrædda vigrun í sérstökum viðauka við umrætt viðmiðunartilboð sem yrði þá viðauki 2a.

Eins og fram kemur í reifun á ákvörðun PFS nr. 21/2014 um markaði 4 og 5 hér að ofan er vigrun tækni sem minnkar milliheyrsluvandamál (e. Crosstalk) í VDSL kerfum sem breidd eru út í götuskápa og eykur þar með afkastagetu VDSL tenginga. Til að stuðla að útbreiðslu VDSL í hinum dreifðari byggðum ákvað PFS að kveða á um að Míla⁵ gæti fengið þriggja mánaða forgangsrétt að hluta heimtaugar, oftast götuskápum, ef félagið tryggði öðrum fjarskiptafyrirtækjum opinn sýndaraðgang (VULA) og fyrirhugað væri að beita vigrun á tengingum í viðkomandi götuskápum á umræddu þriggja mánaða tímabili. Að öðrum kosti félli framangreindur forgangur Mílu niður. Beiting vigrunar er því ein meginforsenda þess að Míla fái notið slíkrar undanþágu frá aðgangskvöð um hluta heimtaugar. Til að virkja umræddan forgang þarf Míla að birta upplýsingar þar að lútandi opinberlega, ásamt því að senda PFS tilkynningu þar að lútandi. PFS birtir slíkar upplýsingar síðan á heimasíðu sinni.

Jafnræðiskvöð sú sem lögð var á Mílu á markaði 5 gerir ráð fyrir að Míla þurfi að tilkynna opinberlega um áfrom sín um útbreiðslu, uppbyggingu og aðra þróun bitastraumskerfis félagsins með eigi minna en þriggja mánaða fyrirvara hverju sinni. Er þetta gert svo þjónustuveitendur standi allir við sama borð þegar kemur að því að veita smásöluþjónustu á viðkomandi uppbyggingarsvæði.

Gagnsæiskvöðin gerir svo ráð fyrir því að Míla uppfæri viðmiðunartilboð sitt um bitastraumsaðgang er breytingar eru gerðar á því og tilkynni PFS um slíkt. Taka breytingar ekki gildi fyrr en PFS hefur samþykkt umræddar breytingar með ákvörðun, að undangengnu innanlandssamráði og samráði við Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) og aðrar fjarskiptaeftirlitsstofnanir á EES-svæðinu.

⁵ Önnur fjarskiptafyrirtæki en Míla geta að vísu einnig tryggt sér slíkan forgangsrétt. Á slíkum félögum hvílir hins vegar engin VULA skylda, né skylda til vigrunar. Að liðnum hinum þriggja mánaða fresti sem slík félög fengju til að koma VDSL búnaði í götuskáp gæti aðrir aðilar, þ.m.t. Míla, komið sínum búnaði fyrir í sama götuskáp. Þess má þó geta að þar sem fleiri en einn aðili hefur komið VDSL búnaði fyrir í götuskáp kemur það í veg fyrir vigrun á viðkomandi svæði.

Athugasemdir við framangreinda breytingu á viðmiðunartilboði Mílu um bitastraumsaðgang bárust frá tveimur aðilum, þ.e. Snerpu og Vodafone.

Í athugasemdum Snerpu gætir nokkurs misskilnings. Snerpa gerir ráð fyrir því að vigrun sér valkvæð. Vigrun er valkvæði fyrir þann netrekanda sem hefur aðstöðu í götuskáp ef aðstæður er fyrir hendi. Grunnforsendan er sú að umrætt fyrirtæki sé eitt fyrirtækja með aðstöðu í umræddum götuskáp. Á starfssvæði Snerpu á Vestfjörðum er staðan þannig að Snerpa og Míla starfrækja bæði VDSL búnað á sömu stöðum. Þar kemur vigrun því ekki til greina á meðan staðan er þannig. Ákvörðun sú sem hér er boðið gerir ekki ráð fyrir að staða Snerpu sem VDSL rekanda breytist. Snerpa getur því áfram starfrækt VDSL kerfi sitt á starfssvæði félagsins. Það er rangt hjá Snerpu að aðgangsléið 3 geri ráð fyrir kostnaði vegna endabúnaðar. Ennfremur er það rangur skilningur hjá Snerpu að Míla muni afhenda vigrunarhæfan endabúnað. Það er viðkomandi þjónustuveitanda að sjá til þess að endanotandi í viðskiptum við hann hafi vigrunarhæfan búnað.

Endabúnaður er staðlaður VDSL beinir sem er fjöldaframleidd „hilluvara“ sem aðgangsvéiðendur ættu ekki að eiga í nokkrum erfiðleikum með að útvega. Undirbúningur og dreifing slíks endabúnaðar er rekstrarferli innan hvers fyrirtækis og fellur utan eftirlits PFS, en slíkt hefur ekki verið vandkvæðum bundið þar sem endabúnaður er uppfærður og endurnýjaður með reglubundnum hætti.

Athugasemdir Vodafone eru jákvæðar að mestu. Þar kemur fram að kerfi Vodafone ættu að geta fullnægt þeim tækniröfum sem Míla gerir í umræddum viðauka. Áður en umrætt fyrirkomulag yrði tekið upp teldi Vodafone hins vegar mikilvægt að Mílu yrði gert skylt að hefja undirbúning með fjarskiptafyrirtækjum svo tryggt væri að notkun þjónustunnar yrði mögulega fyrir alla aðila án vandkvæða, uppfyllti búnaður þeirra tæknileg skilyrði.

PFS telur að ofangreind athugasemd Vodafone eigi rétt á sér. Míla getur ekki hafið veitingu þjónustunnar fyrr en endanleg ákvörðun PFS liggur fyrir, að undangengnu samráðsferli. Þangað til er eðlilegt að Míla vinni að undirbúningi þjónustunnar með áhugasömum fjarskiptafyrirtækjum. Er það í samræmi við kvaðir þær sem lagðar voru á Mílu með ákvörðun PFS nr. 21/2014.

Samkvæmt nýlegum upplýsingum frá Mílu, hefur fyrirtækið verið að prófa vigrunartæknina með áhugasömum fjarskiptafyrirtækjum, þ.m.t. Símanum Vodafone og 365 miðlum ehf. Míla er ennfremur að boða fjarskiptafyrirtæki og PFS til upplýsingafundar. Mun sá fundur að öllum líkindum fara fram þann 31. október nk.

PFS sér ekki fyrir sér að beita fjarskiptafyrirtæki sem ekki hefur innleitt vigrun innan þess 3ja mánaða tímafrests sem getið er um í ákvörðun PFS nr. 21/2014 (markaður 4 og 5). Það eina sem gerist er að einkaréttur til framkvæmda fellur niður að umræddum tíma liðnum. Umrædd ákvörðun gerir ekki ráð fyrir neinum afleiðingum eða viðurlögum umfram það. PFS hefur því takmarkaðar heimildir til að bregðast við með beinum hætti þegar fjarskiptafyrirtæki nýtir sér umræddan 3ja mánaða einkarétt til vigrunar. Ennfremur hafa lög um Póst- og fjarskiptastofnun ekki að geyma nein viðurlagaúrræði fyrir PFS

nema álagningu dagsekta. Ef reynslan sýnir að áform Mílu, eða annarra fjarskiptafyrirtækja, varðandi innleiðingu vigrunar innan umrædds tímaramma reynist óraunhæf, mun PFS reyna að höfða til fyrirtækjanna að leggja fram raunhæfari áform.

Undanþágan til að öðlast þriggja mánaða einkaréttinn til innleiðingar vigrunar rennur út að þeim tíma liðnum og ekki er gert ráð fyrir að sá aðili sem einkaréttinn hefur fengið geti framlengt þann frest.

Að ofangreindu virtu samþykkir PFS þær breytingar varðandi vigrun sem Míla leggur til.

Ákvörðunarorð

Mílu er heimilt að innleiða vigrunartækni á Ljósveitutengingum félagsins. Póst- og fjarskiptastofnun samþykkir viðauka 2a við viðmiðunartilboð félagsins um bitastraumsaðgang án breytinga.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi var kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar. Um kostnað vegna málskots fer samkvæmt 5. mgr. 13. gr. sömu laga, auk þess sem greiða ber sérstakt málskotsgjald að upphæð kr. 150.000, skv. 6. gr. reglugerðar nr. 36/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmál.

Reykjavík, 19. nóvember 2014

F.h. forstjóra, Björn Geirsson

Óskar H. Ragnarsson

Viðauki: Álit Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA)